



Áfangaskýrsla vegna SNÆ 302 og 402

Viðfangsefni veturinn 2007-2008

Við höfum vinnuna um haustið á því að kynna okkur þjóðsögur sem tengjast Snæfellsnesi og unnu nemendur nokkur verkefni út frá því. Fyrst leituðu þau sagna og kynntu þær fyrir öðrum nemendum í hópnum. Tvö stærri verkefni voru svo unnin út frá þjóðsögum og er það fyrra útilistaverk en hið síðara leikin stuttmynd.

Útilistaverkið er stytta/skúlptúr af Skriðu-Fúsa sem sett var upp í Fúsaskurðum í Kerlingaskarði. Verkefnið var afar margþætt, því í fyrsta lagi þurftu þau að fá leyfi fyrir uppsetningu verksins og tók svoltinn tíma fyrir þau að komast að því hver ætti landið sem gamli þjóðvegurinn liggur um, en að því loknu var auðsótt mál að fá leyfi fyrir verkinu. Þá var hægt að hefjast handa við smíðina, en þau ákváðu að gera Fúsa í fullri stærð og reiknuðu þau hlutföll hans út frá einum nemendanna. Ákveðið var að Fúsi yrði aðeins úr endurnýttu efni og var engum fjármunum varið í smíði hans. Gamli girðingastaurar, afgangstimbur, gamall fótbolti, dagblöð og notuð föt öðluðust þannig nýtt líf. Sagan af Skriðu-Fúsa var svo sett á blað, plöstuð og negld á bakið á honum. Þegar Fúsi var svo tilbúinn fór allur hópurinn upp í Fúsaskurð til að koma honum fyrir. Fylgst var með Fúsa reglulega yfir veturinn og kom það okkur verulega á óvart hversu vel hann kom undan vetri. Gerð var tilraun til að ná í hann í apríl, en þá var ennþá frost í jörðu og hann frosinn fastur á sínum stað, svo hann verður sóttur í haust.

Leikna stuttmyndin var gerð eftir þjóðsögunni um drauginn á Þórdísarstöðum, en nemendur sáu alfarið um að búa til handrit að myndinni, skipa í hlutverk, leikstýra, taka upp og klippa myndina. Þau leituðu sjálf tókustaða og fengu leyfi fyrir tókum, útveguðu búninga, sáu um förðun og leikmynd og fundu til tónlist fyrir verkið. Útkomuna má sjá á meðfylgjandi disk.

Fyrir jól unnum við svo með íslenskar jólahefðir fyrr og nú og unnu nemendur ljósmyndaverkefni út frá því.

Að loknu jólafríi var ákveðið að hefjast handa við að kynna sér finnska ljóða-/sagnabálginn Kalevala, en hann segir frá sköpun heimsins á sambærilegan hátt og Völuspá. Þó nokkur tími fór í að skilja sögurnar og ákveða hvernig vinna ætti með þær, en í upphafi vorannar ákváðum við að breyta ekki bara kennsluháttum heldur einnig námsmati eins og sjá má hér fyrir neðan. Í samráði við nemendur var ákveðið að skipta hópnum niður í fjóra minni hópa sem hver um sig fjallaði um Kalevala á mismunandi hátt.

Einn hópurinn útbjó teiknimyndasögu þar sem þau nýttu sér tölvutæknina við að teikna og til að setja bókina saman. Annar hópur gerði leikrit þar sem sagan var sögð eins og hún gerðist í nútímanum. Þriðji hópurinn gerði tónlist þar sem sagan var sögð í ljóði og tónum. Fjórdi hópurinn málaði svo stórt





málverk þar sem sagan er sögð. Mikil áhersla var lögð á hið dularfulla Sampo sem er nokkurs konar „verndargripur“ sem veitir íbúum hvers bæjar gæfu og vernd, jafnvel þó enginn sé gripurinn, a.m.k. ekki áþreifanlegur. Öll verkefni fórum við svo með til Finnlands í apríl síðastliðnum og vöktu þau mikla athygli á meðal vinaskóla okkar þar sem Kalevala hefur sjaldan þótt auðskilið. Í Finnlandi unnu svo nemendur þriggja skólanna nánar með Sampo en sérstaklega út frá því að finna það sem gæti gert okkur öllum jarðarbúum kleyft að búa saman í friði og sátt og samlyndi. Nemendurnir bjuggu til sitt eigið Sampo með skilaboðum til okkar allra um það hvað það sé sem liggja til grundvallar þessari hugmynd.

Breytingar frá fyrra ári

Þar sem nemendur í áfanganum voru orðin mjög fær í sjálfstæðum vinnubrögðum og höfðu mikið og vel rökstutt álit á því hvernig vinna ætti að fara fram í þessum áfanga fannst okkur kennurum alveg tilvalið að fara að líta á námsmatsþáttinn. Áfanginn er þannig að hefðbundið námsmat á ekki vel við og því fannst okkur nauðsynlegt að gera breytingar á námsmatinu. Breytingarnar fólust í því að jafninga- og sjálfsmat nemenda hafði meira vægi en áður. Hver nemandi skilaði vikulegri leiðarbók þar sem hann fór yfir unnin verk og skoðaði eigið framlag sem og framlag annarra nemenda og kennara. Kennarar lásu leiðarbækurnar og komu með leiðbeiningar um það sem vel hafði verið unnið og hvernig laga mætti það sem ábótavant var. Kennarar lögðu mat á vinnusemi og verkefni nemenda og nemendur þurftu að koma með hugmynd um eigin lokaekinn með rökstuðningi og vísan í verkefni og vinnu annarinnar. Myndaður var rýnihópur sem lagði mat á veturinn í heild sinni, það sem vel fór bæði hjá kennurum og nemendum og kom með ábendingar um það sem betur má fara. Nemendum þótti þetta námsmat sanngjarnt og mun þægilegra og að í því fælist meiri leiðsögn og hvatning til að gera betur.

Mat okkar á þeirri vinnu sem farið hefur fram.

Undirbúningur kennara fyrir áfangann var gríðarlegur og þróunarvinna heldur áfram. Það að samþætta svona margar námsgreinar og kennsluáferðir krefst mikils undirbúnings af hálfu kennara og annars konar viðhorfs gagnvart kennslu og eigin kennsluáferðum.

Nemendur hafa tekið þessum áfanga vel og hefur hann vakið forvitni á meðal annarra nemenda skólans.

Það er mat okkar að vinnubrögð nemenda hafi þróast og batnað gífurlega á milli ára. Þau eru orðin mjög fær í sjálfstæðum vinnubrögðum. Þau taka stóran þátt í að þróa áfangann með kennurum og eru óhrædd við að láta sínar skoðanir í ljós og prófa ný vinnubrögð. Áhrif þessa áfanga sjást greinilega í öðrum áföngum þar sem þessir nemendur sýna sömu vinnubrögð þar og hafa áhrif á aðra nemendur. Við teljum að þessi áfangi hafi fyllilega sannað tilverurétt sinn.

Af hverju á áfanginn að lifa áfram?

Það er mat okkar sem að verkefninu koma að í því hafi nemendur frá nokkrum sveitarfélögum, með ólíkan bakgrunn, ólík áhugamál og misjafna námsgetu, fundið farveg sinn til að vinna að námi á nýstárlegan, en alls ekki síðri máta en í hefðbundnum áföngum. Hér eru allir jafnir, burtséð frá fyrri einkunnum og þeim er ekki raðað í hópa eftir þeim eða getu, enda njóta sín mismunandi hæfileikar hvers og eins við mismunandi verkefni.

Samkvæmt sjálfsmati nemenda finnst þeim þau vera að læra mjög mikið af áfanganum og eru mjög ánægð með það sem komið er og hlakkar til framhaldsins. Innan hópsins hefur myndast mikil samkennd og þau eru líka að læra ný vinnubrögð sem eru afar mikilvæg þegar út í lífið er komið.



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Við kennararnir erum sammála um að við verðum að fá tækifæri til að halda þessu þróunarverkefni áfram til enda. Þema næsta vetrar verður Hafið en það hefur skipað stóran sess í lífi fólks á Snæfellsnesi í gegnum aldirnar. Við sjáum fram á að þangað sé hægt að sækja óendanlegt magn af efni til að vinna með, atvinnuvegir, þjóðsögur, ljóð, líffræði, búseta o.s.frv.

Einnig er ætlunin að undirbúa komu nemendanna og kennaranna frá skólunum í Svíþjóð og Finnlandi sem við erum í samstarfi með. Það krefst mikils undirbúnings og skipulags að fá fjörtíu nemendur og kennara þeirra í heimsókn. Nemendum okkar er mikið í mun um að taka vel á móti gestunum og sýna þeim það landssvæði sem við höfum verið að vinna með á sem mest fræðandi en jafnframt skemmtilegastan hátt. Í því felast t.d. ferð umhverfis Snæfellsjökul, sigling á Breiðafirði og heimsóknir á söfn og skóla á svæðinu. Allt þetta krefst fjármagns.

Það er líka vilji okkar kennara og nemenda að setja upp sýningu í lokin á afrakstri þessa þriggja ára verkefnis, og þá helst þegar gestir okkar verða í heimsókn. Sýninguna myndum við auglýsa á öllu Nesinu og yrði hún öllum opin. Eins og sést á því sem fram hefur komið þá erum við að ráðast í ansi stórt verkefni. Við teljum hins vegar að það sé nauðsynlegur þáttur til þess að ljúka því sem við höfum fyrir tveimur árum. Til þess að slíkt sé hægt er nauðsynlegt að áfanginn fái áframhaldandi fjárveitingu.

Sólrún Guðjónsdóttir, Berglind Axelsdóttir og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir